

**37. FUNDUR Í STJÓRN FRAMKVÆMDASJÓÐS FERÐAMANNASTAÐA**

Þrítugasti og sjöundi fundur í stjórn Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða var haldinn mánudaginn 7. október 2013 kl. 8:30 í fundarherbergi Ferðamálastofu að Geirsgötu 9.

**Viðstaddir:** Albína Thordarson arkitekt FAÍ formaður og Guðjón Bragason fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Sævar Skaptason fulltrúi Samtaka ferðapjónustunnar (SAF) og Anna G. Sverrisdóttir fulltrúi Samtaka ferðapjónustunnar (SAF).

**Frá FMS:** Af hálfu Ferðamálastofu sátu fundinn Björn Jóhannsson og Katrín Gylfadóttir

**1. Ákvörðun um auglýsingu styrkja.**

Albína fór á fund Valgerðar Rúnar Benediktsdóttur í Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu þar sem ákveðið var að auglýsa og úthluta styrkjum fyrir áramót á því fjármagni sem úthlutað var til verkefna sem ekkert varð úr. Ákveðið var að auglýst yrði 12. október með umsóknarfresti til 5. nóvember. Úthlutun verður í desember 2013. Samfara auglýsingu umsókna verður auglýst námskeið, sem Björn mun halda vegna styrkumsókna með því markmiði að leiðbeina umsækjendum í gegnum umsóknarferlið. Námskeiðið verður haldið bæði í Reykjavík og á Akureyri. Auglýsing styrkumsókna 2014 mun verða fyrri hluta árs 2014

**2. Nýtt greiðslu- og stöðuyfirlit.**

Farið var yfir nýtt greiðslu- og stöðuyfirlit.

Björn er búin að hafa samband við alla þá sem fengu styrk 2012 og mun á næstu dögum fara skipulega í gegnum styrkþega 2013, hringja og kanna hver sé staðan á verkefnum.

Björn ætlar að hafa samband við Ásgeir Magnússon, Mýrdalshreppi, og óska eftir skriflegri útskýringu á því í hvað styrkurinn nýttist. Albína mun hafa samband við Ólaf A. Jónsson, Umhverfisstofnun, og óska eftir stöðu á verkefninu „Deiliskipulag fyrir Gullfoss“. Stjórn hefur áhyggjur af því hve mörgum verkefnum er ólokið, einungis helmingurinn af fjármagninu er farið út.

**3. Önnur mál.**

Albína mun senda á Björn reglurnar frá Baldri.

Beiðni kom frá stjórn um að fá frá FMS skriflega athugasemd við 3. og 4. grein sem er ekki í tillögu frá Baldri.

Stjórn mælist til að 3-4 % af ráðstöfunarfé sjóðsins fari ekki í endurskoðun og eftirlit.

Stjórn mun biðja Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið um skriflega ábendingar vegna starfsreglna.

Næsti fundur verður haldinn mánudaginn 21. október kl. 8:30

Fundi slitið 10:30

Reykjavík 7. október 2013/Katrín

A. Th.  
AS  
GG